

**Nd.**

## **667. Nefndarálit**

um frv. til laga um alþýðutryggingar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið á mörgum fundum og rætt við nefnd þá, er samdi frumvarpið, lækni slysatryggingarinnar og fulltrúa frá Bandalagi kvenna. Nefndin hefir klofnað um afgreiðslu málsins, og mun minni hl. (GP og TT) skila sérstöku álit.

Meiri hlutinn (BJ, HV, StJSt) leggur til, að frumvarpið og einstakir kaflar þess verði samþykktir, þó með nokkrum breytingum, sem samkomulag hefir orðið um milli stjórnarflokkanna. Tveir nefndarmanna (HV og StJSt) vilja þó taka fram, að þeir og Alþýðuflokkurinn yfirleitt álitur, að frumvarpið gangi of skammt í ýmsum atriðum, en vilja eftir atvikum og tí þess að málið nái nú fram að ganga, fallast á, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir með breytingum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að á frumvarpinu verði samþykktar eftirfarandi

### **BREYTINGAR.**

#### **Við I. kafla.**

1. Við 6. gr. 2. másl. Á eftir orðinu „tryggingarstofnunarinnar“ komi: og tryggingarfræðing, ef forstjóri eða deildarstjórar eru það ekki.
2. Við 7. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:  
Ráðherra skipar þriggja manna tryggingarráð. Skal einn vera tryggingarfræðingur eða hagfræðingur og annar lögfræðingur. Ráðherra ákveður þóknun tryggingarráðs.

#### **Við II. kafla.**

3. Við 8. gr. 4. málsgr. Í stað orðanna í 2. másl. „utanhússmálning og innanhússmálning stórra bygginga“ komi: utan- og innanhússmálning.
4. Við 10. gr. 1. lið. Á eftir orðunum „svo og dagpeninga“ komi: frá þeim tíma, er síðar segir.

5. Við 11. gr.
  - a. Við 1. tölul. Í stað „1500“ komi: 3000.
  - b. Við 3. tölul. Í stað „175“ komi: 200.
  - c. Næstsiðasta málsgr. („Heimilt er . . . . stendur á“) falli niður.
6. Við 17. gr. 1. málsgr. (aftast). Í stað orðanna „áður en, eða . . . . var hafinn“ komi: fyrirfram.
7. Aftan við 18. gr. komi ný grein, er verður 19. gr., svo hljóðandi:
 

Eigi hinn tryggði rétt til sjúkrabóta á hendur sjúkrasamlagi eða manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst slysabóta, framselja Slysatryggingu ríkisins rétt sinn til bótanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum slysabótum nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er.

Greinatalan breytist samkv. þessu.

#### Við III. kafla.

8. Við 23. gr. Aftan við greinina bætist: Þó skal leyfður frádráttur frá þeim tekjum á kostnaði við aðstoð á heimili, sem leiðir beinlínis af vinnu húsmóður utan heimilis.
9. Við 25. gr. Í stað orðsins „starfar“ komi: skal starfa.
10. Við 29. gr. tölul. 4. b. (síðustu málsgr. í b.). Í stað orðanna „hvorki persónudagpeningar né“ komi: ekki.
11. Við 33. gr. Aftan við greinina bætist: þó ekki yfir 9 kr. fyrir hvern tryggðan mann.
 

Sjúkrasamlög, sem stofnuð verða í hreppum samkv. 26. gr., skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þau þá rétt til framlags úr ríkissjóði og sveitarsjóði samkv. lögum þessum frá næstu áramótum á eftir. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þau sjúkrasamlög, sem stofnuð kunna að verða á árinu 1936.
12. Við 38. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
 

Heimilt skal útgerðarmanni að semja við sjúkrasamlag um, að það taki að sér, gegn aukagjaldi, þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkv. 27. og 28. gr. l. nr. 41 19. júlí 1930.
13. Við 39. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: samningun eða venjum í þeirri starfsgrein.
14. Við 43. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Tillagið til jöfnunarsjóðs skal aðeins lagt á í þeim bæjarfélögum eða hreppum, þar sem sjúkrasamlag er stofnað. Nú er stofnað sjúkrasamlag eftir að jöfnunarsjóður sjúkrasamlaga er stofnaður, og skal þá leggja samsvarandi gjald á vinnulaunagreiðslur í hreppnum, sem svarar til þess, að sjúkrasamlag hefði verið þar frá upphafi, þó með tilliti til greiðslna, er farið hafa fram úr jöfnunarsjóði sjúkrasamlaga áður, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, þó aldrei yfir 1½% gjald í upphafi.

#### Við IV. kafla.

15. Við 56. gr. Greinin orðist þannig:
 

Áður en lífeyrisgreiðslur hefjast samkv. 87. gr. síðari málsl., skal á-

kveða með lögum upphæð árlegs elli- og örorkulífeyris einstaklinga og hjóna, í Reykjavík, kaupstöðum, kauptúnunum með yfir 300 íbúum og annarsstaðar. Skal tryggingarstofnunin halda sérstakan reikning yfir tekjur lífeyrissjóðs, persónugjöld og tekjuskattstillög úr hverju bæjarfélagi, kauptúni með yfir 300 íbúum og annarsstaðar.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar tryggingarstofnunarinnar, nánari reglur um bókhald á tekjum lífeyrissjóðs og um, hvernig skýrslur verði teknar um dvalarstaði manna, er þeir hafa greitt iðgjöld sín.

16. Við 58. gr. 1. málsg. Við málsgreinina bætist: og ábyrgist greiðslu þess til lífeyrissjóðs.

#### Við V. kafla.

17. Við 63. gr. 2. tölul.
- Á eftir orðinu „kaupstaðanna“ komi: eða kauptúnanna.
  - Á eftir orðunum „kaupstaðnum eða nágrenni hans“ komi: kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni.
  - Í stað orðanna „hverjum kaupstað“ komi: hverjum kaupstað eða kauptúni.
18. Við 69. gr.
- Á eftir orðinu „vinnumiðlun“ í 5. tölul. greinarinnar komi: eða á annan hátt, svo sannað sé o. s. frv.
  - Aftan við 5. másl. komi: hundraðsgjald og hluti af afla eða annari framleiðslu telst kaupgjald.
  - Á eftir 5. tölul. komi nýr töluliður:
    - Til þeirra, er ekki hafa fyrir öðrum að sjá, ef þeim býðst vinna í sveit eða annarsstaðar, gegn greiðslu, er nægi þeim til fulls lífsframtæris þann tíma eða hluta af þeim tíma, er gera má ráð fyrir, að hann verði atvinnulaus.
19. Við 70. gr.
- Á eftir orðinu „bæjarsjóður“ í fyrsta másl. komi: eða sveitarsjóður.
  - Aftan við 1. málsg. bætist: þó ekki yfir 6 krónur á ári fyrir hvern tryggðan mann úr rikissjóði og hlutaðeigandi hajar- eða sveitarsjóði, hvorum fyrir sig, og ekki yfir 75000 kr. á ári úr rikissjóði, nema heimild komi til í fjárlögum.
  - Á eftir 1. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þeir þá rétt til framlags úr rikissjóði, hajar- eða sveitarsjóði, samkvæmt lögum þessum, frá næstu áramótum á eftir. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þá atvinnuleysissjóði, sem stofnaðir kunna að verða á árinu 1936.

#### Við VI. kafla.

20. Við 76. gr. Í stað orðanna „síðustu gr.“ komi: 75. gr.

Við VII. kafla.

21. Við 83. gr. Á eftir tölul. 5 komi ný málsg.:

Nú gefur félagsmaður í atvinnuleysissjóði ávísun fyrir iðgjöldum sínum, til handa sjóðnum, á ógreidd vinnulaun hjá atvinnurekanda, og skal atvinnurekanda þá skylt að greiða ávísunina, enda hafi honum verið sannanlega tilkynnt um ávísunina áður en kaupgjaldsgreiðslan fer fram. Sama gildir um ávísun fyrir iðgjöldum til sjúkrasamlaga og Lífeyrissjóðs Íslands.

22. Við 84. gr. Á eftir orðunum „bóta- eða lífeyriskröfur“ komi: eða kröfur til atvinnuleysisstyrkja.

23. Við 88. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1936“ komi: 1. apríl 1936.

Alþingi, 30. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson,  
form., frsm.

Bergur Jónsson,  
fundaskr.

Stefán Jóh. Stefánsson.